


Áferð, form, rými

Myndlist

Bragi Ásgeirsson

Í eystri sal Kjarvalsstaða hefur verið komið fyrir kynningarsýningu á verkum norska málarans *Arvids Pettersen*, og er sýningin farandsýning, er gistir nafnkenndar listastofnanir á öllum Norðurlöndum. Það er menningar- og vísindadeild Norræna menningarsjóðsins, sem styrkt hefur þessa sýningu ásamt fyrirtækinu Hydro Aluminium og tveimur listhúsum, Galleri Riis og *Galleri Bohman*.

Mjög veglega er staðið að þessari sýningu og hefur m.a. verið gefin út heilmikil sýningarskrá með litmyndum af flestum ef ekki öllum myndunum á sýningunni.

Formála í sýningarskrá skrifar Björn Springfeldt frá Malmö, en um list Arvids Pettersen og lífsskoðanir Bo Nilsson.

Ekki veit ég alveg hve farsælt og rétt það sé, er menningarsjóður Norðurlanda styrkir framtak sýningahúsa, er kynna vilja skjólstæðinga sína, en hins vegar hlýtur maður að fagna öllum slíkum sýningum á list framsækinna frænda vorra á hinum Norðurlöndunum, er hingað rata.

Það hefur t.d. hlotið mikla gagnrýni á meginlandinu á sl. sumri, hvernig sýningarhús hafa notfært sér opinbera sjóði til að koma skjólstæðingum sínum á framfæri, því að menn vildu ganga of langt, en að því og frægu dæmi kem ég á öðrum vettvangi fljótlega.

— Það blandast ekki málum, að Arvid Pettersen er drjúgur og metnaðarfullur málari, er orðið hefur fyrir sterkum áhrifum af málverki meginlandsins og þá helst Þjóðverjans Anselm Kiefer.

Skrifaði ég einmitt langa grein um Kiefer í Lesbók snemma á þessu ári vegna sýningar verka hans á MoMa í New York og er því nokkuð inni í málum hér.

En Kiefer vinnur á annan hátt og notar fjarvíddina meira svo og raunhæfar skírskotanir í sögu þjóðar sinnar og norræna goðafræði. Og víst er goðafræðin ekki fjarri í málverki Pettersens, en hvar er hún eiginlega fjarri í hinu nýja málverki?

Satt að segja er þessi skírskotun til goðafræði og heimspeki orðin nokkuð útþvæld („klisjukennd") og takmörkuð ánægja af því að lesa hana í síbylju, er myndverk eru útskýrð og getur það einmitt komið niður á þeim sem síst skyldi.

Á stundum grunar mann jafnvel, er maður virðir fyrir sér verk sumra málara, að þeir kunni næsta lítið fyrir sér í goðafræði og heimspeki og að hér sé um hreinan uppslátt að ræða.

— Það eru hin stóru málverk í mettuðum, safaríkum gráum og ljósgulum litatónum, sem einföld form prýða, sem mér fannst mikið til koma á sýningunni á Kjarvalsstöðum. Þetta eru heilmikil málverk og efniskenndur liturinn borinn á dúkana með þroskaðri tilfinningu og skynrænni kennd.

Þessar myndir eru kannski ekki þær sem maður tekur helst eftir við fyrstu skoðun, en verða þeim mun áleitnari við endurteknar heimsóknir á sýninguna. Og þetta er einmitt sýning, sem þarf að skoða oftar en einu sinni, því að myndverkin grípa mann ekki sömu heljartökum og myndveraldir Kiefers. Þær eru margar hverjar þyngri og dekkri og ekki sami sannfæringarkrafturinn að baki, einnig vantar þess dularfullu norrænu ljósglóð, sem streymir fram úr myndum Kiefers.

Ekki gengur mér of vel að skilja né meðtaka hið ritaða mál í sýningarskránni, né þá fullyrðingu að einmitt þessi tegund listar hafi verið mest áberandi í norrænni framúrstefnulist á undanförnum árum, og ég er alls ekki viss um, að málaranum sé akkur að öllu, sem þar er ritað, því ég sé ekki betur en sumt, sem höfundarnir hafna, lifi góðu lífi í nokkrum mynda hans. Ég tel engan góðan málara hafa hag af því, er ritglaðir eru að moka einhvern ímyndaðan flór hefðarinnar til hags fyrir skjólstæðinga sína, en í slíkri iðju stöndum við norrænir því miður framarlega og hefur það svip af nokkurri minnimáttarkennd.

Hér má minnast þess sannleika, að sá sem afneitar fortíðinni, og þá um leið hefðinni, verður að lifa hana upp á nýtt og þar er mannsævin sem dropi í hafið.

Standi málverkin ekki fyrir sínu, þá dugar slíkur stuðningur skammt, en í þessu tilviki standa hin bestu málverk fullkomlega undir sér og það hlýtur að vera skoðandanum og málaranum sjálfum nóg.



Jónína Magnúsdóttir

Frjókorn og frjóangan

Í Gallerí List að Skipholti 50B hefur ung listakona, *Jónína Magnúsdóttir* opnað sína fyrstu einkasýningu á heimaslóðum. En áður hefur hún haldið eina sýningu í Danmörku árið 1987 og tekið þátt í því ágæta framtaki IBM sýningunni „Myndlistarmenn framtíðarinnar" að Kjarvalsstöðum einnig árið 1987.

Jónína er menntuð frá MHÍ og lauk þaðan prófi árið 1978, og hefur síðan m.a. stundað nám við Myndlistaskóla Reykjavíkur og hjá danskri listakonu, Elly Hoffman að nafni, en ekki kann ég nein deili á henni. Myndirnar á sýningunni eru unnra á flísar með postulínslitum, olíu á striga og olíukrít á pappír auk blandaðra tækni vatnslita og olíukrítar. Það er nokkur reynsluleysi og ungæðissvipur yfir þessari sýningu þrátt fyrir alla skólun og er eins og myndlistarkonan forðist frekar hin veigameiri átök. Auk þess virðast viðhorf hennar til listarinnar vega salt á milli listiðnaðar og frjálsra, skapandi athafna.

Það er ekki vegna þess, að hún málar á flísar með postulínslitum, að ég held þessu fram, heldur vegna þess hvernig hún nálgast myndefnið í velflestum mynda sinna. Það voru nefnilega einmitt tvær litlar slíkar myndir, sem vöktu mesta athygli mína fyrir mesta lit- og formræmt samræmi, auk þess sem þær búa yfir innri krafti. En það voru myndirnar „Frjókorn" (9) og „Frjóangan" (10).

Önnur mynd, sem vakti einnig sérstaka athygli mína var „Bláa blómið" (II) fyrir skynrænan hrynjanda í formi og lit.

Af þessri sýningu mætti kannski ráða, að listiðnaður liggi frekar fyrir Jónínu Magnúsdóttur en málaralist, en hvað sem öðru líður er það veigamest að vera allur í því, sem maður tekur sér fyrir hendur og forðast hik og tvíræðni.


Hreyfing, áferð, tenging

Myndlistarkonan **Valgerður Bergsdóttir** sýnir um þessar mundir og fram til 15. nóvember 31. teikningu í listhúsinu Nýhöfn við Hafnarstræti. Valgerður hefur á undanförnum árum skapað sér nafn sem tilþrifamikill teiknari og m.a.verið fulltrúi Íslands á ýmsum nafnkenndum alþjóðlegum sýningum.

Ekki er nema ár síðan hún sýndi voldugar teikningar í Gallerii Svart á hvítu, meðan það ágæta listhús var og hét, og vakti sýningin drjúga athygli.

Sýningar á teikningum eru því miður ekki algengar hér í borg og samt eigum við margt ágætra teiknara, en þeir fá einfaldlega ekki nóga uppörvun í formi verkefna og listhúsin sækjast ekki of mikið eftir slíkri list, jafnvel þótt sumar sýningar hafi gengið ágætlega.

Góðar teikningar eru langt frá því að vera annars flokks list og margir bestu myndlistarmenn veraldar eru framúrskarandi teiknarar og halda þeim þætti listar sinnar stíft fram. Það gerðu og einnig Braque, Matisse og Picasso á sínum tíma svo og fjöldi samtíðarmanna þeirra.



Það er og mikil prýði að góðri teikningu hvort heldur á safni eða heimahúsi, opinberum stofnunum eða einkafyrirtækjum.

Teikningar, sem byggjast fyrst og fremst á miðlinum sjálfum rissblýinu og tæknilegum möguleikum þess, eiga erfitt uppdráttar hér á landi sem víða annars staðar.

Það er ósköp eðlilegt, því að það þarf vissan og áunninn listrænan þroska til að meta slíka list og í ljósi þess hve ófullkomin kennsla í myndmennt er í framhaldsskólum landsins, þá er ekki von á góðu. Og því er allur listþroski hérlendis svo til sjálfsprottinn, einkaframtak út í fingurgóma, þótt uppeldi og ytri aðstæður gegni hér miklu hlutverki.

Valgerður Bergsdóttir er einn þeirra listamanna, sem láta blýið á milli handanna ráða hughrifum sínum sem oftast tengjast þó ytri áhrifum og þá iðulega fólki í kyrrstöðu eða á hreyfingu. Myndaflokkarnir nefnast einmitt: Hreyfingin, Kyrrstaðan, Veran, og Tengingin og segja nöfnin heilmikið um inntak myndanna.

Víst er Valgerður góður teiknari og þetta falleg sýning, en þó er eins og einhvern herslumun vanti til að allt gangi upp, en svo má einnig vera að myndirnar komi sterkar út á samsýningu nokkrar saman, en í þessu formi.

Og með sanni eru heilmikil flínkheit og tilþrif í myndum eins og nr. 2, (Hreyfingin), 4, (Kyrrstaðan), 8 og 9, (Veran) og 15, (Tengingin) og flestar þeirra sýna að Valgerður þarf ekki að vera hrædd við hlutkennd form og er jafn nútímaleg og þótt kenna megi fígúrur í myndum hennar.

Það er heilmikil ástæða fyrir listnjótendur að líta inn í myndhúsið Nýhöfn þessa dagana, staldra þar við og skoða óvenjulega sýningu.

Tónlistardagar Dómkirkjunnar

Tónlist

Jón Ásgeirsson

Tónlistardagar Dómkirkjunnar hófust á orgeltónleikum Flemmings Dreisig, sem er orgelleikari Heilagsandakirkjunnar í Kaupmannhöfn. Á efnisskránni voru verk eftir J.S. Bach, Reger og fjóra danska orgelleikara við Heilagsandakirkjuna og eitt eftir danska prestinn og tónskáldið Leif Kayser. Dreisig er feikna góður tekniker og leikur sér skemmtilega að „registeringum" án þess að hafa aðstoðarmann. Snögg blæbrigðaskipti notar hann iðulega til að skerpa formskil í verkunum og átti þetta ágætlega við í dönsku verkunum og tveimur verkum eftir Reger, einkanlega í „Skérsói" í fismoll, op. 80. Þetta átti hins vegar ekki alls kostar við í Tokkötu, Adagio og fúgu (Bwv 564) eftir J.S. Bach og verður auk þess til lengdar nokkuð leiðinlegt, þar sem tónhugsun verksins slitnar í smábita og flutningurinn í heild verður eins konar „leiksýning í registeringu".

Skemmtilegustu dönsku verkin voru Tokkata í d-moll eftir Weyse og þrjú eftirspil eftir oregleikarann. Tokkatan er skemmtilegt fingraspil sem Dreisig lék feiknavel og í þremur eftirspilum brá fyrir áhrifum af Messiaen en einnig skemmtilegum tilþrifum, sem auðvitað nutu þess vel hve vel þau voru leikin.

Tvö smálög eftir Otto Malling eru í stíl sem var í tísku á fyrri hluta aldarinnar og er kenndur við „bíóorgel", heldur svona ókræsilegur samsetningur. Toccata yfir „Ave Maria" eftir Leif Kayser er einnig lítill skáldskapur og tengslin við „Ave Maria" eitthvað lausleg og gat ekki að heyra hvort þar lá til grundvallar ákveðið lag eða um var að ræða ólagbundna hugleiðingu.

Flemming Dreisig er mikill tekniker og hefði verið fróðlegt að heyra hann takast á við stærri verk, bæði að umfangi og inntaki, en þessi saklausu dönsku lög, sem tóku upp meginhluta tónleikanna og voru aðeins skemmtileg áheyrnar vegna frábærrar útfærslu þessa unga orgelsnillings.